



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

Orkustofnun  
Rafmagnsveitir ríkisins

# HÚSHITUNARÁÆTLUN

IV. hluti: Lokaskýrsla. Samanburður hitunarkosta

OS-84110/JHD-21

Reykjavík, desember 1984



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Orkustofnun:**  
**María J. Gunnarsdóttir**  
**Jón Vilhjálmsson**  
**Kristján Sæmundsson**  
**Guðmundur Pálason**

**Rafmagnsveitur ríkisins:**  
**Tryggvi Haraldsson**  
**Pétur Þórðarson**  
**Steinar Friðgeirsson**

# **HÚSHITUNARÁÆTLUN**

**IV. hluti: Lokaskýrsla. Samanburður hitunarkosta**

**OS-84110/JHD-21**

**Reykjavík, desember 1984**



# ORKUSTOFNUN

Dags.

Tilv. vor

1985-03-22

JB/sq

Dags.

Tilv. y ar

I na arr  uneyti   
Arnarhvoli  
101 Reykjav k

## Varðar: H shitunara tlun

Samkv mt 9. grein laga nr. 53/1980 um l kkun hitunarkostna dar skal "Orkustofnun, i  samvinnu vi  Rafmagnsveitur r kisins gera  atlun um n tingu innlendra orkugjafa i  sta  ol u".

 etta verkefni f kk nafni  H shitunara tlun hj  p ssum tveimur stofnunum. A  þvi hefur veri  unni  undanfarin  r, og hafa veri  gefnar  t um þa  þrj r s rstakar sk rslur eins og n nar er raki  i  inngangi me fylgjandi sk rslu.

Hj lagt sendist hinu h  a r  uneyti lokask rsla um  etta verkefni.

N  vi  lok p ssa verkefnis er sta an i  h shitunarm lum h r   landi s , a  langflestir landsm nn eiga kost   innlendum orkugj fum, til h shitunar, p.e. jar hita e a raforku sem er svo til  ll unnin  r vatnsorku e a jar hita. Einungis  b ar nokkurra eyja og mj g afskekkt sta a sem af þeim s kum er ekki raunh ft a  tengja vi  samveitukerfi  og ekki eiga kost   jar hita munu  fram þurfa a  nota ol u til a  hita h s s n. Er h r um a  r  a n l gt 0,1% af landsm nnum.

Enn b  a þ  fleiri vi  ol uhitun en  etta.  ri  1983 var skipting landsm nna eftir orkugj fum til h shitunar p ssi

Jar�hiti	78,6%	landsm�nna
Raforka	16,8%	"
Ol�a	4,6%	"
100,0%		

A  hluta stafar n verandi ol uhitun af þv , a  sumir notendur, sem f  ol ustyrk, hir a ekki um a  tak  rafhitun þ tt þeir eigi kost   henni. Svo vir ist sem þv  akv  i laga a  þeir einir eigi r tt   ol ustyrk sem ekki eigi kost   innlendri orku til hitunar hafi ekki veri  r kilega framfylgt. Stj rnv ld  ttu a  her a   framfylgd laganna.

Í Húshitunaráætluninni eru teknir til athugunar 28 staðir þar sem til greina kemur að gera nýjar hitaveitur, og hitunarkostnaður með jarðhita og rafmagni borinn saman. Þessir staðir fela ekki endilega í sér tæmandi upptalningu á því, hvar jarðhiti kemur til álita til hitunar, en miðast við það sem nú er best vitað. Þess er þó ekki vænst að slíkum stöðum fjölgi verulega umfram þessa 28. Eins og nánar er rakið hér á eftir er niðurstaða Húshitunaráætlunarinnar sú, að á 5 þessara staða sé við nú-verandi aðstæður hagkvænnara að leggja hitaveitur en að hita með rafmagni ef jarðhiti reynist þar við leit ekki torfengnari en áætlunin gerir ráð fyrir.

Ef þessar hitaveitur hefðu verið komnar í gagnið 1983 og allir íbúar á þeim svæðum þar sem hitaveitur eru í rekstri nýttu jarðvarma til hitunar og þeir fengið rafhitun sem á annað borð eiga að fá hana samkvæmt þessari áætlun hefði skipting landsmanna á orkugjafa til húshitunar verið sem hér segir 1983:

Jarðhiti	80,9%	landsmanna
Raforka	19,0%	"
Olía	0,1%	
100,0%		

Hlutdeild jarðhitans í sjálfrí orkuþörfinni til hitunar yrði heldur meiri en þetta, vegna þess að orkuþörfin á mann er meiri á sumum jarðvarmahitunarsvæðunum, t.d. í höfuðborginni, en annars staðar, vegna meira húsrýmis þar á mann. Einnig má reikna með að hlutur jarðhitans vaxi í framtíðinni vegna þess að fólk fylgir örar á þessum svæðum en annars staðar.

Gerður er samanburður á raforku og jarðvarma út frá tvennskonar sjónarmiði, þ.e.

1. Þjoðhagslegu sjónarmiði. Þá er borinn saman annars vegar sá viðbótar-kostnaður við raforkukerfið í heild sem leggja þarf í til þess að þeir sem enn nota olíu til hitunar geti fengið rafhitun ásamt kostnaði við að sjá númerandi notendum áfram fyrir raforku og hins vegar kostnaður við hitaveitu fyrir viðkomandi byggðarlag. Í hitaveitutilvikinu er þá reiknað með að þeir notendur sem nú þegar nota rafhitun á vœtan-legu hitaveitusvæði taki hitaveitu fljótlega eftir að hún tekur til starfa.

Í þessum samanburði er ekki reiknað með neinum tollum eða aðflutnings-gjöldum af efni og búnaði til rafkerfisins eða hitaveitumannvirkja. Reiknað er með 8% raunvöxtum af stofnfé og eðlilegum afskriftartíma rafmagns- og hitaveitukerfa.

2. Einkahagslegu sjónarmiði notanda eða hóps notenda. Þá er borinn saman hitunarkostnaður notanda skv. gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, að niðurgreiðslum meðtöldum annars vegar og hins vegar hitunarkostnaður frá hitaveitu ef gert er ráð fyrir 8% raunvöxtum af stofnkostnaði og annuitetslánum til jafnlanga tíma og nemur hæfilegum afskriftartíma hitaveitumannvirkja, að viðbættum rekstrarkostnaði. Það er með öðrum orðum reiknað með því að fjármögnum sjálf þurfi ekki að leggja byrðar á notendur umfram það sem eðlilegir vextir og afskriftir gera.

Í þessu tilviki er reiknað með þeim opinberum gjöldum af hitaveituframkvændum sem tíðkast hafa undanfarið.

Við samanburð frá þjóðhagslegu sjónarmiði er niðurstaðan mjög háð því, í hvaða ástandi rafkerfið á viðkomandi stað eða svæði er nú. Að þessu er svona háttar á sína orsök í því, að verulegur hluti af kostnaðarverði raforku hjá notanda liggur í flutnings- og dreifikerfinu. Þar sem svo háttar til að flutnings- og dreifikerfið er öfugt fyrir er lítill kostnaður því samfara að bæta tiltölulega fáum notendum við rafhitunina, og oft mun ódýrara en að leggja sérstaka hitaveitu. Öfugt er þessu farið þar sem leggja þarf í verulegan kostnað við rafkerfið til að það geti tekið á sig meira álag.

Af því sem nú er rakið leiðir, að niðurstaðan frá þjóðhagslegu sjónarmiði er önnur nú en ef samanburðurinn hefði verið gerður á öðrum tíma, t.d. fyrir 5 eða 10 árum, þegar ástand rafkerfisins var annað. Fyrir ákvarðanir um framtíðina skiptir staðan í dag ein máli, en hins vegar ekki hitt, hvernig hún er til komin, svo fremi að sú staða sé óafturkallanleg, þ.e. ekki sé raunhæft að breyta henni í fyrra horf. Þetta gildir almennt, að sjálfsögðu, en rétt er að hafa það í huga þegar niðurstöður þessarar athugunar eru metnar.

Rétt er að taka skýrt fram að athugun þessi tekur einvörðungu til hitunar húsa. Allur kostnaður af virkjun jarðhita er því lagður á þá sem nýta hann til húshitunar. Þar sem grundvöllur er fyrir samvinnslu á jarðhita til annara nota jafnframt, svo sem gróðurhúsa, fiskeldis og ef til vill fleiri nota getur samanburður við rafhitun litið allt öðruvísi út. Þar getur jarðhitinn komið mun betur út úr samanburðinum vegna þess að virkjunkostnaður jarðhitans, og eftir atvikum hluti af dreifingarkostnaði hans einnig fellur þá á fleiri en þá sem nýta hann til að hita hús sín. Ef vinnsla jarðvarmans er ekki takmarkandi þáttur getur slík samvinnsla á jarðhita til margskonar nota oft verið raunhæf fyrir einstök sveitabýli, þyrpingar slíkra býla eða jafnvel minni þéttbýlisstaði, en líklega síður fyrir stærri

þéttbýlisstaði þar sem örðugt er að finna "önnur not" er séu nægilega stór í sniðum í samanburði við húshitunina til að um þau muni að ráði sem kostn-aðarbera. Um slíka samvinnslu verður annars ekki mikið sagt almennt. Hvert tilvik er svo háð staðháttum og kringumstæðum að það verður að meta út af fyrir sig.

Niðurstöður þessa samanburðar eru á þá lund að frá þjóðhagslegu sjónarmiði eru hitaveitur hagkvæmari en rafhitun á eftirtöldum stöðum, svo fremi að jarðhiti reynist þar ekki torfengnari en áætlunin gerir ráð fyrir:

- . Skógar
- . Hraungerðishreppur í Árnessýslu
- . Stykkishólmur
- . Grundarfjörður

Hitaveita og rafhitun eru álíka dýr samkvæmt áætluninni frá þjóðhagslegu sjónarmiði á eftirtöldum stöðum, með sama fyrirvara varðandi jarðhitann:

- . Sandlækjarhverfi, Árnessýslu
- . Suðurhluti Seyluhrepps, Skagafirði
- . Sumarliðabær í Holtum ásamt nokkrum nálægum býlum
- . Ólafsvík-Hellissandur-Rif

Á öðrum stöðum er rafhitun ódýrari, þjóðhagslega séð.

Frá einkahagslegu sjónarmiði eru hitaveitur hagkvæmari en rafhitun á eftirtöldum stöðum samkvæmt áætluninni, með sama fyrirvara og áður varðandi öflun jarðhita:

- . Skógar
- . Hraungerðishreppur, Árnessýslu.
- . Sandlækjarhverfi, Árnessýslu

Hitaveita og rafhitun eru skv. áætluninni álíka dýr frá einkahagslegu sjónarmiði á eftirtöldum stöðum, enn með sama fyrirvara um jarðhitann:

- . Suðurhluti Seyluhrepps í Skagafirði
- . Sumarliðabær í Holtum og nálæg býli
- . Kjalarnes

Á eftirtöldum stöðum eru hitaveitur þannig ódýrari eða álíka dýrar og rafhitun bæði frá þjóðhagslegu og einkahagslegu sjónarmiði:

- . Skógar
- . Hraungerðishreppur í Árnessýslu
- . Sandlækjarhverfi, Árnessýslu
- . Suðurhluti Seyluhrepps, Skagafirði
- . Sumarhlíðabær í Holtum og nálæg býli

Á þessum stöðum ræðst valið milli hitaveitu og rafhitunar fyrst og fremst af því, hvort talið verði að jarðhiti verði eins auðfenginn og áætlunin gerir ráð fyrir. Hitaveita hefur þegar verið lögð í Sandlækjarhverfi.

Þrjár hitaveitur á Snæfellsnesi, í Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík-Hellissandi-Rifi, eru ýmist ódýrarí eða jafndýrarí rafhitun frá þjóðhagslegu sjónarmiði, en dýrarí frá einkahagslegu.

Á Snæfellsnesi hafa farið fram umfangsmiklar jarðhitarannsóknir, sem benda eindregið til að öflun jarðhita fyrir þessa staði verði mun torveldari en áætlun þessi gerir ráð fyrir. M.a. gefa þær til kynna að vafasamt sé, hvort jarðhiti sé fáanlegur með viðráðanlegum kostnaði fyrir bæði Stykkishólm og Grundarfjörð þótt vera megi að hann geti nægt öðrum staðnum.

Sömuleiðis benda rannsóknir þessar til þess að virkjun jarðhita á Lýsuhóli fyrir Ólafsvík, Hellissand og Rif geti verið örðugri og kostnaðarsamari en áætlunin gerir ráð fyrir, vegna efnasamsetningar vatnsins. Að öllu samanlögðu verður því að telja hæpið að hugsa til hitaveitu á þessum stöðum á Snæfellsnesi, enda þótt þær séu þjóðhagslega hagkvæmari miðað við forsendur þessarar áætlunar.

Á öðrum stöðum sem athugun þessi tekur til eru hitaveitur dýrarí en rafhitun bæði frá þjóðhagslegu og einkahagslegu sjónarmiði miðað við virkjun jarðhita til húshitunar einvörðungu. Á stöðum þar sem sameina má virkjun jarðhita til húshitunar og annara nota þarf að gera sérstakan samanburð þar sem þessi "önnur not" jarðhitans og hagkvæmni þeirra eru reiknuð með í dæmið. Til þess þurfa þau að vera skilgreind og upplýsingar að liggja fyrir um hagkvæmni þeirra út af fyrir sig.

Enda þótt virkjun jarðhita til húshitunar einnar sé dýrarí en rafhitun á þessum stöðum miðað við ástandið í dag er ekki þar með sagt að svn þurfi að vera um alla framtíð. Þar sem raforkubörfin vex kemur að því að styrkja þarf rafdreifikerfin frá því sem nú er. Sumsstaðar hefur slík

styrking í för með sér nokkuð dýrar framkvæmdir. Með hitaveitu á slíkum stöðum, sem léttir rafhitunarálaginu af rafkerfinu, kann að mega fresta slíkum framkvæmdum. Verður það þá reikningsdæmi hvort borgar sig betur, hitaveitan eða frekari styrking rafkerfisins. Þessum möguleika ætti sérstaklega að gefa gaum þar sem jarðhiti er auðfenginn. Áformað er að Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins/Orkubú Vestfjarða taki slíka staði til sérstakrar athugunar í frambaldi af húshitunaráætluninni.

Allra virðingarfyllst,



Jakob Björnsson  
orkumálastjóri



Kristjan Jónasson  
rafmagnsveitustjóri

EFNISYFIRLIT

bls.

1	INNGANGUR	4
2	HÚSHITUN MEÐ JARÐHITA	6
2.1	Húshitunaráætlun I.hluti	6
2.2	Húshitunaráætlun, II.hluti	6
3	HÚSHITUN MEÐ RAFMAGNI	9
3.1	Húshitunaráætlun, III. hluti	9
4	ÁLYKTANIR	11
	HEIMILDASKRÁ	19

TÖFLUSKRÁ

1	Starfandi hitaveitur 1983 og möguleg aukning	15
2	Aflþörf, íbúafjöldi og orkuverð með og án gjalda fyrir 28 nýjar hitaveitur	16
3	Staða rafhitunar í árslok 1982 á orkuveitusvæði RARIK	17
4	Þjóðhagslegur viðbótarkostnaður af rafhitun, (verðlag í nóvember 1983)	18

MYNDASKRÁ

1	Nýjar hitaveitur í húshitunaráætlun II.hluta	7
2	Þjóðhagslegur viðbótarkostnaður rafhitunar og hitaveitu sem hlutfall af orkuverði óniðurgreiddrar olíu	14
3	Orkuverð hitaveitu, rafhitunar og olíu sem hlutfall af orkuverði óniðurgreiddrar olíu	14

## 1 INNGANGUR

Samkvæmt lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar frá 1980 (9. grein laga nr. 53/1980) skal Orkustofnun í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins gera áætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu.

Fyrir tólf árum, þegar orkukreppan skall á, bjuggu um 45% landsmanna við upphitun með olíu en í árslok 1982 var það hlutfall einungis rúmlega 6%. Þetta byggist fyrst og fremst á stórátaki í nýtingu jarðhita til húshitunar víða um land, og er nú svo komið að 77% þjóðarinnar búa við upphitun með jarðvarma. Hlutur rafhitunar hefur einnig aukist úr 5% 1972 í 17% nú.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa stöðugt unnið að því að styrkja rafdreifikerfið og stefnt að því að það gæti annað þörfinni á hverjum stað. Byggð á Íslandi er dreifð og því margar framkvæmdir kostnaðarsamar. Styrking á línum í dreifbýli víða um land er eitt af þeim verkefnum sem bíða úrlausnar. Í flestum byggðarlögum, þar sem ekki er hitaveita, er rafhitun langt á veg komin og stofnlínur og dreifikerfi tilbúin að taka við fullri rafhitun þar sem hún er ekki þegar komin. Þó eru nokkrir staðir þar sem þörf er á talsverðum framkvæmdum í stofnlínukerfi til að hægt sé að anna fullri rafhitun til lengri tíma litið, t.d. á Snæfellsnesi. Í þessari skýrslu er gerð áætlun um viðbótarkostnað til að anna rafhitun þeirra staða sem hugsanlega gætu notað jarðhita til hitunar þannig að hægt sé að bera saman hagkvæmni þessara kosta.

Á Orkustofnun hefur stöðugt verið unnið að athugunum á aukinni nýtingu jarðhita bæði til hitunar og iðnaðarnota. En í framhaldi af ofangreindri lagasetningu var gert yfirlit yfir núverandi nýtingu jarðhita til hitunar og jafnframt athugað hjá hvaða hitaveitum aukning væri möguleg. Samhliða þessu var athugað hvar væru jarðhitasvæði í nánd við byggð þar sem hugsanlega væri mögulegt og hagkvæmt að leggja hitaveitu. Að því loknu voru valdir tuttugu og átta staðir þar sem talið var að ef til vill mætti koma á fót hagkvæmri hitaveitu. Fyrir þessa staði voru gerðar áætlunar um kostnað við hitaveitu og virkjun jarðhitans. Einnig var gerð frumáætlun um þær rannsóknir sem þarf að gera á hverju jarðhitasvæði til að hægt sé að segja til um hvort skilyrði til nýtingar séu ákjósanleg.

Þessu verkefni, sem nefnt hefur verið Húshitunaráætlun, var strax í upphafi skipt niður í fjóra hluta. Fyrstu tveir hlutarnir voru í höndum Orkustofnunar, þriðji hlutinn var verkefni Rafmagnsveitna ríkisins og fjórði og síðasti hlutinn var unnin í samvinnu beggja aðila. Skiptingin var á þessa leið:

I Samantekt á nýtingu jarðhita til húshitunar og möguleikum á aukningu.

II Kostnaðaráætlun fyrir 28 nýjar hitaveitur.

III Áætlun um viðbótarkostnað af rafhitun á sömu svæðum.

IV Samanburður á hagkvæmni hitaveitu og rafhitunar.

Þrír af þessum fjórum hlutum hafa þegar komið út í skýrslum og vísast í þær um frekari upplýsingar (sjá heimildaskrá). Í fjórða hlutanum, sem nú sér dagsins ljós, eru raktar helstu niðurstöður I., II. og III. hluta og gerður samanburður á hitun með olíu, rafmagni og jarðhita. Málið er skoðað bæði frá þjóðhagslegu sjónarmiði og frá sjónarmiði einstaklingsins og fjallað um þau atriði sem hafa verður í huga þegar hagkvæmni er metin og ákvarðanir eru teknar.

## 2 HÚSHITUN MED JARDHITA

### 2.1 Húshitunaráætlun I.hluti


Fyrsti hluti Húshitunaráætlunar var að taka saman yfirlit um nýtingu jarðhita til húshitunar og möguleika á aukningu. Safnað var vitneskju um eftirfarandi:

- 1) Starfandi hitaveitur og stækkanarmöguleika þeirra.
- 2) Hitaveitur í byggingu eða á hönnunarstigi.
- 3) Jarðhitasvæði í nágrenni byggðar.

Í töflu 1 bls.15 kemur fram hversu margir íbúar bjuggu samkvæmt skýrslu Hagstofunnar í desember 1982 í húsum tengdum starfandi hitaveitum. Þeir voru þá 181.900 sem er um 77% af íbúum landsins. Á hitaveitusvæðum hafa ekki allir íbúar tekið inn hitaveitu og á einstaka stöðum hefur ekki verið unnt að selja öllum vatn vegna vatns-skorts. Niðurstöður I.hluta voru þær að einungis væri mögulegt við núverandi búsetu og tækni í jarðhitaleit að fjölga hitaveitunotendum um 7% landsmanna, úr 77% í 84%, þar af 4% með stækkan núverandi hitaveitna og 3% með nýjum hitaveitum. Þannig eiga 16% þjóðarinnar ekki möguleika á að nota jarðhita í náinni framtíð. Þó má minnast á að tækni í jarðhitaleit hefur fleygt fram á síðastliðnum árum og vitað eru um jarðhitakerfi í nánd við ýmsa þéttbýlisstaða, þótt enn hafi ekki fundist vatnsæðar. Í öðrum hluta húshitunaráætlunar er gerð frumáætlun um kostnað við að leggja hitaveitur fyrir umrædd 3% þjóðarinnar.

### 2.2 Húshitunaráætlun, II.hluti

Í öðrum hluta húshitunaráætlunar var gerð kostnaðaráætlun um byggingu tuttugu og átta nýrra hitaveitna. Á mynd 1 eru þessir tuttugu og átta staðir merktir. Staðirnir eru misjafnir að stærð allt frá því að vera örfáir sveitabæir í yfir þúsund manna kauptún. Á myndinni má sjá að þeir dreifast nokkuð jafnt um landsfjórðungana að Austurlandi undanskildu, en þar var einungis Vopnafjörður tekinn til athugunar.



MYND 1 Nýjar hitaveitur í húshitunaráætlun

Jarðhitasvæðin sem hér um ræðir eru af ýmsum toga og á misjöfnu rannsóknarstigi. Á nokkrum stöðum er búið að bora eftir vatni eða það kemur sjálfrennandi úr hverum. Þar er einungis spurningin um hagkvæmni þess að leggja hitaveitu til notenda. Önnur jarðhitasvæði eru svo til órannsökuð þar sem einungis jarðhitastaðurinn, hitastig og rennsli úr volgrum er þekkt, auk þess sem sýni hafa víðast hvar verið tekin til efnagreiningar. Sýni getur m.a. gefið vísbendingu um hversu heitt vatnið er niðri í berglögunum, en ekki hvort þar er nægjanlegt vatn að fá fyrir hitaveitu. Þeirri spurningu verður einungis svarað með borunum. Á nokkrum stöðum er búið að bora holur og spurningum um hita og líkleg afköst hefur verið svarað. Í öðrum hluta Húshitunaráætlunar er kafli um hvert jarðhitasvæði þar sem kemur m.a. fram hversu margar holur er búið að bora á hverju svæði og hver árangur hefur orðið af borunum.

Til að reikna út stofnkostnað hitaveitna og síðan reksturskostnað á ári þarf að gefa sér ýmsar forsendur. Helstar þeirra eru um aflþörf og nýtingartíma, líftíma og raunvexti. Í þessum áætlunum hefur verið reiknað með grunnaflþörf  $24 \text{ W/m}^3$  fyrir íbúðarhús í bæjum en  $30 \text{ W/m}^3$

til sveita, 17 W/m<sup>3</sup> fyrir iðnaðarhús og 12 W/m<sup>3</sup> fyrir bílskúra, auk þess var bætt 10% við aflþörfina norðanlands. Nýtingartími á hitaveitum áætlast 3800 stundir. Orkuþörfin er síðan aflið sinnum nýtingartíminn. Liftími hitaveitu áætlast 25 ár og raunvextir 8%. Með þeim forsendum verður árlegur fjármagnskostnaður 9,4% af stofnkostnaði. Árlegur rekstrarkostnaður verður þá fjármagnskostnaður, viðhald og umsjón að viðbættum rafmagnskostnaði fyrir dælur. Orkuverð reiknast síðan sem árlegur rekstarkostnaður deilt með áætlaðri orkuþörf hitaveitu. Til að finna þjóðhagslegt orkuverð hitaveitu er öllum opinberum gjöldum sleppt s.s. tollum, vörugjaldi og söluskatti. Í töflu 2 bls. 16 kemur fram aflþörf hverrar hitaveitu, fjöldi íbúa á hverjum stað, orkuverð hverrar hitaveitu samkvæmt áðurnefndum forsendum og auk þess orkuverð hitaveitu sem hlutfall af orkuverði olíu. Auk þess er sýnt orkuverð án opinberra gjalda.

Niðurstöður II. hluta eru sýndar á mynd 3 á bls. 14. Þar hefur hitaveitunum verið raðað eftir orkuverði og er það sett upp sem hlutfall af orkuverði óniðurgreiðrar gasolíu. Miðað er við verðlag í nóvember 1983 þegar byggingavísitala var 149 stig. Einnig er sýnd rafhitun á taxta Cl, með og án niðurgreiðslu, og olíuhitun með og án niðurgreiðslu. Samkvæmt þessum samanburði yrðu tuttugu og fimm hitaveitur ódýrari en rafhitun og olíuhitun óniðurgreiðd. Einungis sex hitaveitur hafa lægra orkuverð en niðurgreiðd rafhitun en tólf hitaveitur hafa lægra orkuverð en niðurgreiðd olíuhitun.

### 3 HÚSHITUN MED RAFMAGNI

#### 3.1 Húshitunaráætlun, III. hluti

Í þriðja hluta húshitunaráætlunar tóku Rafmagnsveiturnar saman yfirlit um rafhitun á þeim stöðum sem Húshitunaráætlun, II. hluti tók til, að undanskildum tveimur stöðum, öðrum á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur og hinum á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða. Þessir tveir staðir eru Kjalarne, en þar eru þegar hafnar framkvæmdir til þess að tengjast hitaveitu Reykjavíkur, og Borðeyri þar sem raforkukerfið hefur tekið við fullri rafhitun. Sölvi R. Sólbergsson hjá Orkubúi Vestfjarða sá um að gera áætlanir fyrir þá staði sem eru á veitusvæði Orkubúsins, en það eru Bíldudalur, Tálknafjörður og Drangsnes.

Metinn var kostnaður við að koma á rafhitun á þessum 26 stöðum hjá þeim sem hafa hana ekki þegar. Miðað var við grunnorkuverð skv. áætlunum um hagkvæmustu virkjunnarröð í skýrslu Orkustofnunar "Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta, samanburður virkjunarleiða, IV áhrif orkufreks iðnaðar" (VOFRTA). Með endurskoðun eftir breyttum forsendum var síðan reiknaður svokallaður þjóðhagslegur viðbótarkostnaður af rafhitun.

Þjóðhagslegur viðbótarkostnaður af rafhitun samanstendur þá af tveimur þáttum:

- (a) Viðbótarkostnaði á hverja orkueiningu vegna styrkingar rafkerfa (stofnlína, spenna, strengja o.s.frv.) til að þau annni fullri rafhitun og mætti spara ef vikomandi staðir væru hitaðir með hitaveitu eða olíu.
- (b) Framleiðslukostnaði frá nýjum virkjunum ásamt kostnaði við meginflutningslinur.

Allt verð er reiknað án opinberra gjalda þar sem verið er að reikna þjóðhagslegt verð. Skoða má einingarverð, sem þannig er reiknað, sem lágmarkskostnað er leggja þarf í nú til þess að staðirnir fái orku til rafhitunar á verði sem stendur undir stofn- og fjármagnskostnaði ólokinna framkvæmda. Þetta má því skilgreina sem "þjóðhagslegan viðbótarkostnað af rafhitun". Áföllnum kostnaði, þ.e. kostnaði við framkvæmdir sem þegar hefur verið ráðist í, er sleppt, þar sem sá kostnaður er áfallinn óháð því hvort hitað verður með rafmagni eða ekki. Töp í stofn- og dreifikerfi eru tekin með í þessum reikningum.

Bent skal á að ekki er rétt að bera saman annars vegar það, sem kallað er þjóðhagslegur viðbótarkostnaður af rafhitun, og hins vegar gjaldskrár RARIK og Landsvirkjunar. Í gjaldskrár rafveitnanna þarf að taka inn kostnað af eldri framkvæmdum og greiða hann niður. Gjaldskrár eru yfirleitt ekki byggðar á jaðarkostnaði heldur meðalkostnaði við orkuöflun.

Niðurstöður III. hluta markast af því að rafhitun er víðast langt komin á þeim stöðum sem hér um ræðir, og rafdreifikerfið í flestum tilfellum tilbúið til að taka við fullri rafhitun. Í töflu 3 bls.17 kemur fram hvert hlutfall rafhitunar var í árslok 1982 á hverjum stað og hvað mikilli rafhitun núverandi kerfi annar, en auk þess kemur fram hver aftlop eru í kerfinu á hverjum stað. Þar sést að rafhitun er langt komin á öllum stöðunum og sumsstaðar lokið. Einnig að rafdreifikerfið á flestum stöðum gæti tekið við fullri rafhitun. Þó eru nokkrir staðir þar sem þarf að leggja í einhverjar framkvæmdir ef svæðið væri fullrafhitað, t.d. á Snæfellsnesi og Kópaskeri. Aftlop í rafdreifikerfi eru háð legu einstakra staða, þ.e. fjarlægð frá meginstofnlínum og aðveitustöð.

Í töflu 4 bls.18 hefur þjóðhagslegur viðbótarkostnaður af rafhitun verið tekinn saman fyrir alla staðina. Af töflunni sést að viðbótarkostnaðurinn er frekar lítill, nema á Snæfellsnesi, þar sem tíma-setning framkvæmda á næstu árum er háð því hvort allir þessir staðir verða rafhitaðir eða ekki.

Þótt þjóðhagslegur viðbótarkostnaður af rafhitum sé víðast frekar lítill á þessum stöðum eru til staðir á landinu, þar sem á næstunni þarf að fara í framkvæmdir sem fresta mætti ef önnur hitunaleið en rafhitun kæmi til greina. Þannig mætti t.d. fresta framkvæmdum sem áætlaðar eru í stofnlínukerfinu til Hofsóss um allt að tuttugu ár m.t.t. álags ef þar kæmi til greina önnur hitaleið en rafhitun. Þar er þjóðhagslegur viðbótarkostnaður af rafhitum lauslega áætlaður þrefalt hærri en almennt gerist um þá staði sem hér eru teknir fyrir eða um 1,6-1,7 kr/kWh. Á sumum stöður eru staðhættir þannig að aldrei getur verið hagkvæmt að rafhita húsnaði og má þar nefna Grímsey þar sem aldrei verður hagkvæmt að rafhita húsnaði vegna þess að þar er raforka framleidd með dísilvélum en þær hafa mun lélegri nýtingu en olíukatlar. Þar getur þó verið hagkvæmt að byggja fjarvarmaveitu og nýta kælivatn og afgas af vélum sem hvort sem er þarf að keyra til annarra raforkunota. Við slíkt kerfi mætti hugsa sér að tengja vindmyllu til að spara olíu.

4 ÁLYKTANIR

Til að meta hagkvænni ákveðinna framkvæmda má bæði líta á málín frá þjóðhagslegu sjónarmiði og frá sjónarmiði einstaklings eða einstakra byggðarlaga. Þessi tvö sjónarmið fara ekki alltaf saman en þá er það pólitisk ákvörðun hvort sjónarmiðið verði látið ráða ferðinni. Sem dæmi má nefna byggðarsjónarmið þar sem hagkvænni er metin á grundvelli þess hvort það sé æskilegt að byggð haldist á ákveðnum svæðum jafnvel þó að það sé þjóðhagslega óhagkvæmt að halda þar uppi byggð og t.d. leiða þangað rafmagn og leggja vegi. Á myndum 2 og 3 á síðu 14 eru sýndar helstu niðurstöður þessa lokaáfanga Húshitunar-áætlunarinnar.

Á mynd 2 er hagkvænni skoðuð út frá þjóðhagslegur sjónarmiði. Þar er sýnt þjóðhagslegt raforkuverð, þ.e.a.s. hvað það kostar þjóðarbúið að bæta við rafhitun á viðkomandi stöðum þannig að allir geti hitað með rafmagni, og orkuverð frá tuttugu og átta áætluðum hitaveitum á sömu stöðum ef öll opinber gjöld væru niðurfelld.

Á mynd 3 er hagkvænni skoðuð út frá sjónarmiði einstaklings. Þar er sýnt áætlað orkuverð frá tuttugu og átta nýjum hitaveitum og til samanburðar raforkuverð til húshitunar á taxta Cl hjá Rafmagnsveitum ríkins með og án niðurgreiðslu og olíuhitun með og án niðurgreiðslu. Reiknað er með að öll hús tengist veitunni þegar orkuverð er ákværðað. Reynslan er hinsvegar sú hjá stærri hitaveitunum að oft líður langur tími þar til allir hafa tekið inn hitaveitu. Á móti kemur að markaður fer stækandi í flestum tilfellum á afskriftartíma hitaveitunnar og virkar þar af leiðandi til lækkunar orkuverðs án þess að til komi mikill aukakostnaður.

Þær ályktanir sem helst má draga af þessum niðurstöðum eru eftirfarandi:

- 1) Ef litið er á málid frá þjóðhagslegu sjónarmiði er einungis hagkvæmt að leggja út í hitaveituframkvæmdir á fjórum af þessum tuttugu og átta stöðum (sjá mynd 2 bls. 14) því viðbótarkostnaður við að rafhita svæðin að fullu er lægri en kostnaður við nýjar hitaveitur. Ástæðan er fyrst og fremst sú að búið er að rafhita flest svæðin að miklum hluta og rafdreifikerfið er á flestum stöðunum tilbúið að taka við fullri rafhitun. Pennan samanburð hefði því þurft að gera fyrir mörgum árum og hefði niðurstaðan þá getað orðið önnur á mörgum stöðum. Á fjórum stöðum er þjóðhagslegt orkuverð hitaveitu lægra en þjóðhagslegur viðbótarkostnaður af rafhitun, þ.e. á Skógum undir Eyjafjöllum frá jarðhita við



Seljavelli, á nokkra bæ í Hraungerðishreppi frá Laugum og í Grundarfjörð og Stykkishólm frá jarðhita við Berserkseyri. En meðalviðbótarkostnaður rafhitunar á Snæfellsnesi er óvenjuhár. Jarðhitasvæðið við Berserkseyri er hins vegar erfitt til rannsóknar og litlar líkur á að það dugi fyrir hitaveitu bæði í Grundarfjörð og Stykkishólm.

Ef litið er til lengri tíma, þegar raforkukerfið verður fullnýtt og huga þarf að frekari stækkun, gæti verið hagkvæmur möguleiki að fresta framkvæmdum við raforkukerfið með lagningu hitaveitu. Þegar þetta langtímasjónarmið er skoðað má gera samanburð við óniðurgreidda gjaldskrá á rafhitun eða óniðurgreidda olíu til hitunar, og við þann samanburð kemur hitaveita til greina á 25 stöðum. En ekki er rétt að einskorða sig eingöngu við þessa tuttugu og fimm staði og sjálfsagt að athuga möguleika á jarðhitanýting í hvert skipti sem framkvæmdir standa fyrir dyrum í raforkukerfinu. Þetta er að sjálfsögðu allt með þeim fyrirvara að jarðhitann megi nýta en fremur ólíklegt er að svo verði á sumum jarðhitasvæðunum. Ekki er rétt að miða við niðurgreidda orku ef skoða á framtíðarhagkvænni, þar sem taxti hitaveitna er ekki niðurgreiddur og niðurgreiðslur eru pólitisk ákvörðun til að jafna aðstöðumun á milli staða. Þess má geta hér að á ríkisfjárlögum í ár, 1984, er gert ráð fyrir að verja 290 milljónum króna til niðurgreiðslu á rafhitun og olíu. Eins og áður sagði eru rannsóknir á sumum jarðhitasvæðunum of skammt á veg komnar til að dæma endanlega um jarðhitalíkur, en þessi áætlun verður höfð til hliðsjónar við skipulag jarðhitarannsókna og niðurröðun verkefna á Jarðhitadeild Orkustofnunar. Einnig er rétt að leggja áherslu á að notaðir séu vatnsofnar í hús í stað þilofna þar sem mögulegt er að hitaveita verði hagkvæmur kostur í framtíðinni.

Þessi áætlun er þó ekki tæmandi því að ýmsir staðir sem ekki eru nefndir kunna að eiga möguleika á hitaveitu í framtíðinni vegna breytrar tækni í jarðhitaleit eða vegna breyttra aðstæðna með tilliti til nýtingar. Og hagkvænni þarf síðan að meta í hverju tilviki áður en ákvörðun er tekin þó að nú sé tekið mið af óniðurgreiddu orkuverði til hitunar.

- 2) Ef hagkvænni er metin út frá sjónarmiði einstakra notenda eða notendahópa þá hafa fimm hitaveitur lægra orkuverð en niðurgreidd rafhitun og tólf lægra en niðurgreidd olíuhitun. Tuttugu og fimm nýjar hitaveitur hafa lægra orkuverð en óniðurgreiddur rafhitunartaxti Cl Rafmagnsveitna ríkisins og einnig tattugu og fimm lægra en óniðurgreidd olía. Þær hitaveitur sem eru hagkvæmar frá sjónarmiði einstaklings ef miðað er við niðurgreiddan rafhitunartaxta eru hitaveita á Skógum, á nokkra bæ í

Hraungerðishreppi, Sandlækjarhverfi í Árnessýslu frá Reykjum, en þar er nú þegar komin hitaveita, í suðurhluta Seyluhrepps og á Sumarliðabæ í Holtum. Ef litið er á hag einstakra notenda og hvað þeir þurfi að borga fyrir orkuna gildir samanburður við gjaldskrá, niðurgreidda eða óniðurgreidda, eftir því sem við á. Hagkvænni þjóðarheildar og einstaklings þurfa ekki að fara hér saman þar sem hitaveita getur verið ódýrarí en niðurgreidd rafhitun en dýrarí en þjóðhagslegur viðbótarkostnaður af rafhitun. En hafa verður í huga að ekki er öll hitun á niðurgreiddum húshitunartaxta, sá taxti er einungis fyrir íbúðarhúsnaði. Þannig er allt atvinnuhúsnaði og allar opinberar byggingar s.s. skólar á óniðurgreiddum taxta sem er um 60% hærri en sá niðurgreiddi. Þegar hagur einstakra notenda er metinn má einnig líta á það að hitaveitan er sjálfseignarfyrirtæki, í eigu notenda sjálfrá, og í mörgum tilfellum er endingartíma lengri en áætlað er og er það grundvöllur að lægra orkuverði í framtíðinni. Raforkumannvirki afskrifast eins og hitaveitur, en stór hluti raforkukerfisins er í eigu landsmanna allra og kemur það því til góða fyrir allt landið að eignir afskrifast. Einstakir hópar notenda geta því litlu ráðið um þróun raforkuverðs er fram líða stundir. Reynslan af hitaveitum er einnig sú að heitt vatn er notað til annarra hluta en hitunar húsnaðis, t.d. í iðnaði og við búrekstur, sem leiðir af sér lægra orkuverð.



TAFLA 1 Starfandi hitaveitur 1983 og möguleg aukning

Staðir	Íbúar tengdir hitaveitu 1)	
	Núverandi	Stækkun
Opinberar hitaveitur (28)	179500	187500
Skólastetur	1100	1200
Sveitabærir	1300 *	1500 *
Samtals	181900	190200 (81%)
<hr/>		
Mögulegar hitaveitur: (óviss hagkvæmni)		
Péttbýlisstaðir	6414	
Sveitaveitur *	830 *	
<hr/>		
Heildarfjöldi	181900 (77%)	197444 (84%)
<hr/>		

1) Heildarfjöldi landsmanna 12.01.1982 var 235.453.

\* Áætlað

TAFLA 2 Aflþörf, íbúafjöldi og orkuverð með og án opinberra gjalda fyrir 28 nýjar hitaveitur.

Hitaveita	Aflþörf hitaveitu	Fjöldi íbúa	Orkuverð kr/kWh	Orkuverð hlutfall af olíu %	Orkuverð án opinb. gjalda %
	kW			%	
Kjalarnes	1255	200*	0,83	60	54
Reykholtsdalshr.	80	20*	2,34	170	141
Eyjahreppur, Snæf.	80	20*	2,43	176	150
Ólafsvík-Hellis.-Rif	5540	1843	1,27	92	75
Grundarfjörður	2600	694	0,93	67	56
Stykkishólmur	3800	1241	0,88	64	53
Búðardalur	1840	400	1,07	78	65
Tálknafjörður	1230	306	1,14	83	74
Bíldudalur	1400	370	1,14	83	72
Drangsnes	390	123	1,02	74	65
Borðeyri	280	29	1,12	81	75
Seyluhreppur/norður	270	70*	1,07	78	67
Seyluhreppur/suður	90	20*	0,80	58	50
Árskogsströnd	1200	250*	1,49	108	91
Grenivík (m/varmadælu)	1200	323	1,24	90	75
Aðaldalur	140	40*	0,97	70	62
Kópasker	1154	187	0,90	65	54
Vopnafjörður	1500	698	0,85	62	52
Skógar, Rang.	620	100	0,71	51	46
Sumarl.bær ofl. Holtum	273	40*	0,80	58	51
Hlíðarbær, Biskupst.	480	60*	1,00	72	60
Sandlækjarhverfi, Árn.	110	20	0,73	53	49
Skeiðahreppur, Árn.	210	44	1,12	81	70
Villingaholtshr.	220	50*	1,07	77	67
Hraungerðishr.	131	20*	0,70	51	44
Borg, Grímsnesi	120	20*	0,88	64	58
Ölfushr. Gljúfurárh. ofl.	100	28	0,90	65	62
Ölfushr. Saurbær ofl.	80	28	1,05	76	73

26393      7244

Forsendur

Verðlag okt-des 1983. BVT 149 stig. (2213)

Orkuverð olíu 1,38 kr/kWh miðast við olíuverð 8,80 kr/l og nýtni 65%.

Fjöldi íbúa skv. manntali 1.des.1982 en heildarfjöldi landsmanna var þá 235.453.

\* Áætlaður íbúafjöldi.

TAFLA 3 Staða rafhitunar í árslok 1982 á orkuveitusvæði RARIK

Staður	HLUTFALL RAFHITUNAR		Afltöp í í árslok sem kerfið rafdr.
	1982	annar	
Reykholtsdalshr., Borgarf.	71%	100%	10%
Eyjahr., Snæfellsn.	100%	100%	20%
Snæfellsnes	65-70%	80-90%	22%
Búðardalur	70-80%	90%	15%
Seyluhreppur, Skagaf.	50-60%	100%	20%
Árskógsströnd	70%	100%	20%
Grenivík	60-70%	100%	20%
Aðaldalur, S-þing.	100%	100%	20%
Kópasker	70%	90-95%	15%
Vopnafjörður	75%	85-90%	10%
Skógaár, Rangárvallas.	90%	90%	15%
Sumarliðabær og Ásmundarstaðir, Holtum	37%	100%	23%
Hlíðarbær, Biskupstungum	93%	100%	23%
Sandlækjarhverfi, Árn.	100%	100%	23%
Skeiðahreppur, Árn.	70%	100%	23%
Minniborg, Grímsnesi	90%	100%	23%
Villingaholtshr., Árn.	80%	100%	23%
Hraungerðishr., Árn.	100%	100%	23%
Ölfushreppur, Árn.	93%	100%	23%

TAFLA 4 Þjóðhagslegur viðbótarkostnaður af rafhitun á orkuveitusvæði RARIK og Orkubús Vestfjarða (verðlag í nóvember 1983).

Staður á orkuveitu- svæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubúi Vestfjarða	Grunn- orku- verð 1) kr/kWh	Kostn. v/tapa 2) kr/kWh	Kostn. v/viðb.- framkv. 2) kr/kWh	þjóðhagsl. viðbótar- framkv. kostn. af rafhitun kr/kWh
Reykholtsdalshr. Borg.	0,43	0,02	0	0,45
Eyjahr., Snæfellsn.	0,43	0,04	0	0,47
Snæfellsnes	0,43	0,08	0,24	0,75
Búðardalur	0,43	0,08	0,05	0,51
Drangsnes *	0,43	0,03	0	0,46
Bíldudalur *	0,43	0,04	0,01	0,48
Tálknafjörður *	0,43	0,02	0	0,45
Seyluhreppur, Skagaf.	0,43	0,04	0	0,47
Árskógsströnd	0,43	0,04	0	0,47
Grenivík	0,43	0,04	0	0,47
Aðaldalur, S-þing.	0,43	0,04	0	0,47
Kópasker	0,43	0,03	0,03	0,49
Vopnafjörður	0,43	0,02	0,02	0,47
Skógar, Rangárvallas.	0,43	0,03	0,01	0,47
Sumarliðabær og				
Ásmundarstaðir, Holtum	0,43	0,05	0	0,48
Hlíðarbæir, Biskupst.	0,43	0,05	0	0,48
Sandlækjarhverfi, Árn.	0,43	0,05	0	0,48
Skeiðahreppur, Árn.	0,43	0,05	0	0,48
Minniborg, Grímsnesi	0,43	0,05	0	0,48
Villingaholtshr., Árn.	0,43	0,05	0	0,48
Hraungerðishr., Árn.	0,43	0,05	0	0,48
Ölfushreppur, Árn.	0,43	0,05	0	0,48

- 1) Miðað er við endurskoðað grunnorkuverð skv. skýrslu Orkustofnunar VOFRTA (Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta, IV). Endurskoðað grunnorkuverð tekur tillit til breyttra forsendna varðandi nýjar virkjanir þannig að grunnorkuverðið hækkar um 10% á verðlagi í desember 1981 frá VOFRTA.
- 2) Hér er reiknaður kostnaður af þeim framkvæmdum sem ráðast þarf í í fyrirsjáanlegri framtíð til að taka við fullri rafhitun, þ.e. viðbótarkostnaður umfram almenna notkun skv. orkuspá.

HEIMILDASKRÁ

Maria Jóna Gunnarsdóttir 1981: Húshitunaráætlun I. hluti: Samantekt á upplýsingum um starfandi, fyrirhugaðar og mögulegar hitaveitur (aðrar en Hitaveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja). Orkustofnun, OS81021/JHD12, 81 s.

Maria Jóna Gunnarsdóttir, Karl Ragnars og Kristján Sæmundsson 1982: Húshitunaráætlun II. hluti: Frumáætlanir um 23 nýjar hitaveitur. Orkustofnun, OS82095/JHD14, 89 s.

Maria Jóna Gunnarsdóttir, Karl Ragnars og Kristja Þ Sæmundsson 1983: Húshitunaráætlun II. hluti: Frumáætlanir um 5 nýjar hitaveitur. Viðbótarskýrsla. Orkustofnun, OS83002/JHD01, 27 s.

Tryggvi Þ. Haraldsson og Pétur E. Þórðarson 1984: Húshitunaráætlun III. hluti: Mat á þjóðhagslegum viðbótarkostnaði af rafhitun á 26 þéttbýlisstöðum. Rafmagnsveitur ríkisins, skýrsla 84201, 49 s.